

Bráðamóttaka geðþjónustu



Opnunartímar og símanúmer

Móttaka vegna bráðs geðræns vanda er opin allan sólarhringinn. Hún er staðsett á bráðamóttöku geðþjónustunnar á fyrstu hæð geðdeildarbyggingarinnar við Hringbraut kl. 12:00-19:00 virka daga og kl. 13:00-17:00 um helgar og á frídögum. Utan þess tíma er hún staðsett á bráðamóttökunni í Fossvogi.

Símanúmer bráðamóttöku geðþjónustu á Hringbraut er 543 4050. Það þarf ekki að panta tíma eða hafa tilvísun til að koma.

Viðtal við komu

Á bráðamóttöku geðþjónustu starfar teymi fagaðila sem er þjálfað til að meta bráðan geðrænan vanda og hvers konar íhlutunar er þörf á.

Að meðaltali er viðtalið um 30 mínútna langt. Í því er vandinn metinn, veitt ráðgjöf og stuðningur. Síðan er vísað í viðeigandi úrræði eins og við á, innan eða utan Landspítala. Oft nægir viðtalið eitt og sér og ekki er þörf á frekari þjónustu. Sumum er vísað á heilsugæslu, aðrir þurfa innlögn eða er boðið upp á bráðaeftirfylgd á bráðamóttöku geðþjónustu. Þeim sem vísað er í bráðaeftirfylgd fá símtal næsta virka dag varðandi tímabókun.

Á bráðamóttöku geðþjónustu er hvorki hægt að fá vottorð né endurnýjaða lyfseðla. Leita þarf til heilsugæslunnar til að fá þá þjónustu.

Ekki er hægt að fá ávanabindandi lyf á bráðamóttöku geðþjónustu eins og róandi lyf eða svefnlyf.

Ef um er að ræða fíknivanda án alvarlegra geðrænna veikinda er vísað á þjónustu eins og SÁÁ. Við biðjum fólk að mæta allsgáð á bráðamóttökuna, það er að segja ekki undir áhrifum áfengis eða vímuefna, til að hægt sé að gera fullnægjandi geðrænt mat. Ekki er boðið upp á fráhrarfsmeðferð í bráðþjónustunni.

Bráðaeftirfylgd

Í ákveðnum tilfellum vísar bráðamóttaka geðþjónustu sjúklingum í eftirfylgd hjá bráðateymi geðþjónustunnar. Þar er veitt skammtíma meðferð við alvarlegum bráðum geðrænum vanda svo sem vegna:

- Yfirvofandi sjálfsvígshættu
- Bráðrar og alvarlegrar krísu
- Gruns um byrjandi geðhæð eða geðrof
- Breytinga á lyfjum

Boðið er viðtal innan við viku frá komu á bráðamóttöku, oftast innan tveggja til þriggja daga. Bráðateymið veitir meðferð í eitt til fjögur skipti eftir þörfum hvers og eins. Þá er unnið dýpra með vandann en hægt er að gera á bráðamóttökunni.

Lögð er áhersla á að finna viðeigandi farveg að lokinni bráðaeftirfylgd, sem getur falist í úrræðum innan sem utan Landspítala.

Innlagnir

Ástæður innlagna eru lang oftast að geðrænn vandi er svo alvarlegur að önnur þjónusta dugar ekki til eða ef mikilvægt er að viðkomandi komist í öruggt skjól.

Í geðþjónustu Landspítalans eru fjórar legudeildir. Flestir sem leggjast inn klæðast þar sínum eigin fötum. Stundum þarf að deila herbergi með öðrum sjúklingi. Allar legudeildir eru læstar af öryggisástæðum.

Aðstandendaviðtal

Aðstandendur geta fengið viðtöl á bráðamóttöku geðþjónustu ef óskað er. Í viðtalinu fer fram ráðgjöf, stuðningur og fræðsla. Í aðstandendaviðtali eru ekki veittar upplýsingar um sjúklinga.

Dæmi um úrræði utan Landspítala

- Barnavernd
- Bjarkarhlíð
- Félagsþjónusta
- Fjölskylduþjónusta kirkjunnar
- Heilsugæslustöðvar
- Heimilisfriður/Karlar til ábyrgðar
- Hlutverkasetur
- Kvennaathvarfið
- Pieta samtökin
- Sérfræðingar á stofum
- Virk

Sjálfs hjálparhópar og hagsmunasamtök

- 12 spora sjálfs hjálparsamtök, SÁÁ
- ADHD samtökin
- Dreka slóð
- Einhverfu samtökin
- Geðhjálp
- Hjálparstarf kirkjunnar
- Hugarafi
- Konu kot/Gistiskýlið
- Klúbburinn Geysir
- Lögmannavaktin
- Missir
- Ný dögum
- Rauði Kross Íslands
- Stigamót

Við vonum að fræðslufnið hafi verið gagnlegt.

Gangi þér vel.